

Viðhorfskönnun dagforeldra


Þessi samantekt byggir á svörum starfandi dagforeldra við könnun sem var send út í

maí 2026 (árið 2024 var könnunin lögð fyrir í upphafi haustannar)

Svarhlutfall könnunar var 72%.




Hve lengi hefur þú starfað sem dagforeldri?



57% svarenda hefur starfað sem dagforeldri í 14 ár eða lengur, 11% hefur starfað í 11-13 ár. Þetta þýðir að 32% svarenda hefur starfað í 10 ár eða minna sem dagforeldri.

Í hvaða borgarhluta ertu með daggæsluna?




Fæstir svarendur í könnuninni reka sína daggæslu í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum



Skipulag daggæslu

Hvað af eftirfarandi á við um þína daggæslu?



Allir dagforeldrar sem svöruðu könnuninni fylltu út samning um niðurgreiðslu vegna dvalar barnsins og flestir kynntu hann fyrir foreldrum. Ekki eins margir gera skriflegan dvalarsamning við foreldra en þó flestir.

Flestir dagforeldrar bjóða foreldrum og börnum í heimsókn áður en samningur er undirritaður og börn hefja vistun.


Flestir dagforeldrar voru með foreldraviðtöl áður en vistun hófst en fáir voru með formlega foreldrafundi fyrir foreldrahópinn.

Þá er dagskipulag, matseðill og upplýsingar um svefntíma barns aðgengilegt samkvæmt flestum dagforeldrum.



Skipulag daggæslu

Hvað af eftirfarandi á við um þína daggæslu?



Um 45% dagforeldra segjast vera með sýnilega gjaldskrá.

78% segja að hreinlætisáætlun sé til staðar sem er hækkun úr 70%.


Um 81% voru með áætlun um að yfirfara brunavarnir og um 85% sögðu rýmingaráætlun vera til staðar frá 75% árið 2024 en svipað og árið 2022.

88% er með starfsleyfi sitt sýnilegt




Aðlögun barna

Hversu oft að meðaltali koma foreldrar með barn í heimsókn áður en aðlögun hefst?



Hjá 72% dagforeldra kom foreldri með barn sitt einu sinni í heimsókn að meðaltali, áður en aðlögun hófst. Hjá 17% dagforeldra kom barn tvisvar í heimsókn áður en aðlögun hófst og hjá 11% dagforeldra kom foreldri með barn þrisvar eða oftar í heimsókn fyrir aðlögun.

Hvað er áætlaður langur tími í aðlögun?




Um 67% dagforeldra áætla að aðlögun standi yfir í 4-7 daga en aðlögunartíminn virðist vera að lengjast. 9% af þeim sem merkja við annað segja að það fari eftir barninu.



Upplýsingagjöf

Hvernig fer upplýsingagjöf til foreldra/forsjáraðila fram?

*Merkja mátti við allt sem við átti og því er samanlagt hlutfall hærra en 100.




Líkt og síðastliðin ár var langalgengast að upplýsingagjöf til foreldra færi fram í gegnum munnleg samskipti.

SMS skilaboð er næstalgengasta samskiptaleiðin en talsverður fjöldi nýtir sér upplýsingatöflu.



Hversu oft að jafnaði fara börnin í útiveru á viku?




57% þeirra dagforeldra sem svöruðu fara að jafnaði daglega út með börnin.




Gæðaviðmið daggæslu

Hefur þú kynnt þér gæðaviðmið í daggæslu?



80% dagforeldra hafa kynnt sér gæðaviðmið í daggæslu.
Af þeim sem hafa kynnt sér gæðaviðmiðin telja um 85% sig þekkja þau mjög eða frekar vel.

Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja til gæðaviðmiða daggæslunnar?







Slysavarnarnámskeið

Samkvæmt reglugerð er mælt með því að dagforeldrar fari reglulega á námskeið í slysavörnum. Ferð þú reglulega á slysavarnarnámskeið?

Flestir dagforeldrar fara reglulega á slysavarnarnámskeið, 24% árlega en flestir eða 67% fara annað hvert ár.

Dagforeldrar voru beiðnir um að tilgreina hvenær þeir sóttu síðast námskeið í slysavörnum, 91% höfðu tekið sama ár og könnun var tekin eða árinu á undan. Mun betri niðurstaða en árið 2024


Hvenær sóttirðu síðast námskeið í slysavörnum?





Eftirlit


Hve margar eftirlitsheimsóknir hefur þú fengið á síðustu 12 mánuðum?



Eftirlitsaðili með daggæslu á að koma þrisvar sinnum á ári í ótilkynntar heimsóknir. Könnunin fór á einhver dagforeldri sem ekki er starfandi í Reykjavík en er með reykvísk börn í vistun. Passað er upp á allir dagforeldrar fá eftirlitsheimsóknir og því er talið líklegt að það dagforeldri sem ekki er staðsett í Reykjavík hafi svarað. 98% dagforeldra sögðust hafa fengið tvær eða fleiri heimsóknir á síðustu tólf mánuðum.


88% dagforeldra finnst þeir hafa fengið hæfilega margar eftirlitsheimsóknir.

Finnst þér fjöldi eftirlitsheimsókna of margar, hæfilega margar eða of fáar?






Ég er ánægð(ur) með eftirlitið með daggæslunni:



Mér finnst eftirlit með daggæslunni taka á þeim þáttum sem eru mikilvægir:



Dagforeldrar voru allir ánægðir með eftirlit með starfssemi þeirra frá 82% árið 2024.


Allir dagforeldrar sögðu það vera gott að fá niðurstöður úr eftirliti sendar með tölvupósti.

Þá eru 96% dagforeldra sammála því að eftirlit með daggæslunni taki á þeim þáttum sem eru mikilvægir frá 91% árið 2024.




Ráðgjöf

Finnst þér fjöldi heimsókna daggæsluráðgjafa á ári vera of margar, hæfilega margar eða of fáar?



Hve margar heimsóknir hefur þú fengið frá daggæsluráðgjafa á síðustu 12 mánuðum?



Daggæsluráðgjafar á vegum þjónustumiðstöðva eiga að heimsækja hverja daggæslu að minnsta kosti einu sinni á ári og voru dagforeldrar spurðir út í stuðning ráðgjafanna við daggæsluna.


Meirihluti dagforeldra finnst fjöldi heimsókna frá daggæsluráðgjafa vera hæfilega margar.

93% dagforeldra segjast hafa fengið eina eða fleiri heimsókn á síðustu tólf mánuðum frá 80% árið 2024 .




Ráðgjöf

Hversu gagnleg eða ógagnleg fannst þér síðasta heimsókn daggæsluráðgjafa?




87% dagforeldra töldu síðustu heimsókn daggæsluráðgjafa gagnlega.
86% eru mjög ánægð með samskiptin við daggæsluráðgjafa og
86% upplifa að þau fái nægan faglegan stuðning og ráðgjöf við starfið.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með samskipti við daggæsluráðgjafa?



Finnst þér þú fá nægan faglegan stuðning og ráðgjöf við starf þitt?






Samvinna

64% dagforeldra er í samvinnu við aðrar daggæslur og 68% er í samvinnu við þjónustumiðstöð. Ekkert dagforeldri sagðist vera í samvinnu við aðra leikskóla í hverfinu.

Ertu í samvinnu við eftirtalda aðila? *Með samvinnu er átt við ráðgjöf/stuðning varðandi börnin, ráðgjöf/stuðning varðandi foreldra, sækja námskeið/fræðslu saman, sauma/prjónaklúbbur án daggæslubarna o.s.frv.




Um 58% dagforeldra finnst samvinna við aðrar daggæslur mikilvæg.

Aðeins 18% dagforeldra telja að samvinna við leikskóla í hverfinu sé mikilvæg sem mun minna en undanfarin ár en 2024 töldu 38% svo vera.

Um 62% dagforeldra telja samvinnu við Þjónustumiðstöð vera mikilvæga.

Hve mikilvæga eða léttvæga telur þú samvinnu við eftirfarandi aðila vera?






Samvinna frh.

Í hverju felst samvinnan við aðra daggæslu? Merktu við allt sem við á.

*Merkja mátti við allt sem við átti og því er samanlagt hlutfall hærra en 100%.




Mun færri merktu við þá samvinnu sem hér er talin upp m.v. undanfarin ár. Má það líklega rekja það til þess að mun fleiri dagforeldrar eru farnir að vinna tveir og tveir saman og því nú þegar í talsvert mikilli samvinnu.



Upplýsingagjöf og félög dagforeldra

Telur þú upplýsingagjöf frá Reykjavíkurborg vegna starfs þíns vera of litla, hæfilega eða of mikilla?



Flestir telja upplýsingagjöfina hæfilega en um fjórðungur telur hana of litla

Ert þú meðlimur í félagi dagforeldra?

